

Fundargerð
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
15.06.2017- 18. fundur
sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

haldinn í Seiglu fimmtudaginn 15. júní 2017 kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir, Nanna Þórhallsdóttir í forföllum Árna Péturs Hilmarssonar, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

Dagskrá:

- 1.Einbúavirkjun – kynning
- 2.Rekstrarýfirlit sveitarfélagsins fyrstu fjóra mánuði ársins
- 3.Samningur um Sörlastaði
- 4.Fundargerð Fræðslunefndar frá 7.06.2017
- 5.Leikskólinn Krílabær – bréf
- 6.Vistorka – bréf
- 7.Aðalfundarboð Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf.
- 8.Rekstrarleyfi – Fljótsbakki
- 9.Rekstrarleyfi – Klambrasel
- 10.Rekstrarleyfi – Breiðamýri

Til kynningar:

- a.Fundargerð 296. fundar stjórnar Eyþings
- b.Skýrsla RHA um sameiningu Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna
- c.Fundargerð fulltrúaráðs Héraðsnefndar Þingeyinga frá 3.05.2017

1. Einbúavirkjun – kynning

Til fundarins mættu fulltrúar Einbúavirkjunar og kynntu verkefnið og hugmyndir fyrir sveitarstjórn. Skipulags- og byggingarfulltrúa sat fundinn undir þessum lið.

2. Rekstrarýfirlit sveitarfélagsins fyrstu fjóra mánuði ársins

Lagt fram rekstrarýfirlit sveitarfélagsins fyrstu fjóra mánuð ársins, samanborið við fjárhagsáætlun 2017. Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðunni sem heilt yfir er samkvæmt áætlun.

3. Samningur um Sörlastaði

Fyrir fundinum liggur samningur milli Þingeyjarsveitar og Hestamannafélagsins Léttis um leigu á Sörlastaðum. Sveitarstjóri gerði grein fyrir samningnum en um er að ræða endurnýjun samnings með nokkrum áherslubreytingum.

Sveitarstjórn staðfestir samninginn og samþykkir að tilnefna Ásvald Ævar Þormóðsson sem fulltrúa sveitarfélagsins í Sörlastaðanefnd sbr. 3. gr. samningsins.

4. Fundargerð Fræðslunefndar frá 07.06.2017

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 7. júní s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í sjö liðum.

Varðandi 1. liðinn, samþykkir sveitarstjórn tillögu nefndarinnar um 50% aukningu stöðugildis við kennslu og 40% aukning stöðu stuðningsfulltrúa, tímabundið fyrir næsta skólaár.

Varðandi 4. lið fundargerðar, ósk foreldra um lengri opnunartíma á föstudögum á Barnaborg, samþykkir sveitarstjórn tillögu nefndarinnar um að opnun Barnaborgar verði lengd til kl. 16:00 á föstudögum frá og með hausti 2017.

Varðandi 5. lið fundargerðar, bréf frá starfsfólki Krílabæjar, samþykkir sveitarstjórn tillögu nefndarinnar um að vinna við yfirborð leikskólalóðar verði klárud þ.e. malbikun, hellulögn og þökulögn.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

5. Leikskólinn Krílabær – bréf

Fyrir fundinum liggur bréf frá starfsfólki Krílabæjar, dags. 31. maí s.l. þar sem óskað er eftir viðbótarfjármagni til að ljúka yfirborðsvinna við leikskólalóð enda sé núverandi ástand lóðar engan veginn ásætlanlegt fyrir börn að leika sér á. Bréfið var einnig sent á Fræðslunefnd.

Sveitarstjórn samþykkir erindið, sbr. bókun við 4. lið fundargerðar og að framkvæmdum verði lokið eins fljótt og auðið er.

6. Vistorka – bréf

Fyrir fundinum liggur bréf frá Guðmundi H. Sigurðssyni, framkvæmdastjóra Vistorku ehf. dags. 29. maí s.l. um styrk frá Orkusjóði. Vistorka, Eimur og Norðurorka í samstarfi við ellefu sveitarfélög á Norðurlandi (þ.á.m.

Þingeyjarsveit) sendu 30. september 2016 til Orkusjóðs, umsókn um styrk til uppbyggingar innviða fyrir rafbíla á Norðurlandi. Orkusjóður veitti hámarksstyrk, 50% af áætluðum kostnaði við uppsetningu sjö hraðhleðslustöðva og fimm

„semi“ hleðslustöðva. Í framhaldinu leitaði Vistorka, f.h. sveitarfélaganna upplýsinga um uppbyggingu, tilboða um búnað, rekstur, viðhald, innheimtu o.fl. Tilboð bárust frá Orku

náttúrunnar og Ísorku og í báðum tilfellum innifela tilboðin alla þá þjónustu og þær skyldur sem úthlutun Orkusjóðs kveður á um. Sveitarstjóri kynnti málið fyrir sveitarstjórn.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í verkefnið og felur sveitarstjóra ásamt Guðmundi hjá Vistorku að semja við annan hvorn aðilann, Orku náttúrunnar eða Ísorku.

7. Aðalfundarboð Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf.

Lagt fram aðalfundarboð Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf. sem haldinn verður þann 21. júní á Hótel Eddu í Ljósavatnsskarði.

Samþykkt að Margrét Bjarnadóttir fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.

8. Rekstrarleyfi – Fljótsbakki

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 2. júní s.l. þar sem Emil Tómasson sækir um rekstrarleyfi, flokkur II – gististaður án veitinga, á Fljótsbakka í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitt rekstrarleyfi með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá skipulags- og byggingarfulltrúa og heilbrigðis- og eldvarnareftirlitinu sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.

9. Rekstrarleyfi – Klambrasel

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 1. júní s.l. þar sem Gunnar Hallgrímsson sækir um rekstrarleyfi, flokkur II – gististaður án veitinga, í Klambrasel í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitt rekstrarleyfi með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá skipulags- og byggingarfulltrúa og heilbrigðis- og eldvarnareftirlitinu sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.

10. Rekstrarleyfi – Breiðamýri

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 12. júní s.l. þar sem Friðgeir Sigtryggsson sækir um rekstrarleyfi, flokkur II – gististaður án veitinga, á Breiðumýri í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitt rekstrarleyfi með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá skipulags- og byggingarfulltrúa og heilbrigðis- og eldvarnareftirlitinu sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00



Júní 2017

**Fimmtudagur 22. júní kl 21:00 -
Ragga Gröndal í Reykjahlíðarkirkju**
Frír aðgangur, allir velkomnir.

Sunnudagur 25. júní kl 20:00 - Fjarlagakvöld í Skjólbrekku
Skemmtilegu fjárlögin verða sungin undir stjórn Margrétar Bóasdóttur og Sól-
veigar Önnu Jónsdóttur til minningar um Jón Stefánsson, organista. Gerum þetta
að árlegum viðburði og komum saman, syngjum og höfum gaman! :-)

Aðgangur: 1.000kr

Bláu og gulu bækurnar verða líka til sölu á staðnum fyrir 2.000kr stykkið.
Einungis verður hægt að greiða með reidufé.

Við kynnum með stolti lifandi tónlist í Mývatnssveit í samstarfi við Jarðböðin



25.tbl.
21. júní
2017
24. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Sumarsólstöðukaffi og markaður

Skógum Fnjóskadal sunnudaginn 25 júní kl.14-17.

Kvenfélagið Hildur verður með kaffihlaðborð og markað til fjáröflunar fyrir félagið þar sem á boðstólum verður ýmiskonar heimabakað hnossgæti eins og kvenfélagskonum er einum lagið. Verð kr.2000 Ath.enginn posi á staðnum. Vonumst til að sjá ykkur sem flest með sól í hjarta.

Kvenfélagið Hildur